

Fréttabréf

17. ágúst 2016
1. tbl. skólaárið 2016 - 2017

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Ég vona að þið hafið átt gott og viðburðaríkt sumarfrí með ykkar fólki. Fjölskyldan átt góða samveru og upplifað mörg ævintýri. Nú er sumri farið að halla og fyrstu haustboðarnir farnir að gera vart við sig, m.a. að skólarnir að hefja störf.

Grunnskóli Snæfellsbæjar verður settur þriðjudaginn 23. ágúst og verður skólasetningin með breyttu sniði. Fer hún fram í sölum starfstöðvanna og síðan hitta nemendur umsjónarkennara sína. Foreldrar og velunnarar skólans eru boðnir velkomnir.

Nemendur mæta:

Kl. 10:00 í 5.-7. bekk í Ólafsvík (skólabíll fer frá Hellissandi kl 9:40).

Kl 11:00 í 8.-10. bekk í Ólafsvík (skólabíll fer frá Hellissandi kl 10:40).

Kl. 12: 00 í 2.-4. bekk á Hellissandi (skólabíll fer frá Ólafsvík i kl 11:40).

Skólabíll leggur af stað frá skóla að loknum skólasetningum.

Kl 14:00 í 1.-10. bekk á Lýsu (þeir sem vilja nýta skólabíla hafi samband við skólabílstjóra).

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar, norðan heiðar, verða boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara sinna barna mánudaginn 22.8 og þriðjudaginn 23.8.

Skóli hefst síðan samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst. Nemendur og forráðamenn geta nálgast stundatöflur inn á Mentor og innkaupalista á heimasíðu skólans, gsnb.is.

Gagnalistar (innkaupalistar), áætlun skólabíla og skóladagtal eru á heimasíðu skólans, [http://gsnb.is/](http://gsnb.is). Skóladagatalið birtist líka nemendum og foreldrum þegar þeir fara inn á sitt svæði í Mentor. Stundatöflur nemenda verður hægt að nálgast inni á Mentor mánudaginn 22. ágúst.

Starfsmannahald

Nokkrar mannabreytingar hafa átt sér stað frá síðasta skólaári. Signý Rut Friðjónsdóttir, Sindri Hrafn Friðþjófsson og Erla Lind Þórisdóttir hættu störfum við skólann. Sigrún Baldursdóttir og Brynja Mjöll Ólafsdóttir eru í ársleyfi.

Nýtt starfsfólk sem kemur til starfa er Hrönn Árnadóttir, kennari í fyrsta bekk, Þiðrik Örn Viðarsson (Diddi) kennir m.a. íþróttir, Karítas Hrafn Elvarsdóttir, bókavörður í Ólafsvík og Sólveig Bláfeld Agnarsdóttir, skólaliði á Hellissandi í forföllum Heiðrúnar .

Þeim sem hurfu á braut til annarra starfa eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf fyrir skólann og nýtt starfsfólk er boðið velkomið til starfa.



Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu starfi. Þeir eru mikilvægir tengiliðir heimilis og skóla. Þeir fylgjast með námsframvindu hvers og eins, mynda trúnaðartengsl við nemendur, fylgjast með andlegri og félagslegri líðan nemenda.

Umsjónarkennarar 2016-2017:

Hellissandur:

1.bekkur	Guðrún Anna Oddsdóttir og Hrönn Árnadóttir
2.bekkur KHG	Kristín Helga Guðjónsdóttir
3.bekkur GÞ	Guðríður Þórðardóttir
4.bekkur SJ	Sóley Jónsdóttir

Ólafsvík:

5. bekkur GJS	Guðrún Jenný Sigurðardóttir.
6.bekkur EBJ	Eygló Bára Jónsdóttir
6.bekkur TF	Theódóra Friðbjörnsdóttir
7.bekkur SJ	Sigurbjörg Jónsdóttir
8.bekkur	Ása Gunnur Sigurðardóttir og Atli Alexandersson
9.bekkur MLG	Margrét Lára Guðmundsdóttir
10.bekkur EDÁ	Elva Dröfn Árnadóttir
10.bekkur SJS	Svandís Jóna Sigurðardóttir

Lýssk.:

1.-6. bekk	Þórunn Hilma Svavarsd Poulsen
7.-10. bekk	Haukur Þórðarson

Umsóknir um aukna þjónustu

Skólinn veitir ýmsa þjónustu sem þarf að sækja um sérstaklega, má þar helst nefna:

- ✓ lengda viðveru í Skólabæ, á Hellissandi,
- ✓ mataráskrift,
- ✓ leikskólaselið í Lýssk.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Það er von okkar sem í skólanum störfum að samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks verði gott á komandi skólaári. Við munum leggja okkur fram um að svo megi verða með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Hilmar Már Arason
Skólastjóri